

**Fundur númer:** 4. Fundur stjórnar FRÍ 2024-2026  
**Auglýstur tími:** Þriðjudagur 14. maí (11:45-12:45)  
**Fyrirkomulag:** Haldinn í fundarherbergi B hjá ÍSÍ (Engjavegi 6) og á Teams  
**Fundarstjórn:** Freyr Ólafsson  
**Fundarritun:** Hafdís Ósk Pétursdóttir  
**Fundarmæting:** **Aðalstjórn:** Freyr Ólafsson (FÓ), Sveinn Margeirsson (SM).  
**Varastjórn:** Rannveig Oddsdóttir (RO), Hallgrímur Egilsson (HE), Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP).  
**Skrifstofa:** Guðmundur Karlsson (GK) framkvæmdastjóri FRÍ.  
**Forfölluð:** Auður Árnadóttir (AÁ), Haukur Björnsson (HB), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ), Björgvin Víkingsson (BV).

Fundur settur kl. 11:47

## 1. Fundarsetning

- Fundur og fundarboð lögmæt
- Síðasta fundargerð staðfest lögmæt og birting í lagi
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi

Samþykkt var rafrænt tillaga íþróttá- og afreksnefndar og afreksstjóra um val í landslið fyrir Norðurlandamót fullorðinna.

## 2. FRÍ hlaupamál

### a) Ákvörðun um FRÍ boðhlaup í ár.

Umræðum frestað til næsta fundar.

### b) Afrekaskrá hlaupa - samstarf

Formaður kynnti hugmyndur um samstarf um frampróun afrekaskrár. Frekari umræðum frestað

### c) Meistaramót í götuhlaupum

Í ljósi þess að ÍBR hefur ákveðið að sækjast ekki eftir því að hlaup sín verði FRÍ Vottuð er ljóst að þau verða ekki viðurkennd af FRÍ. Í ljósi þessa hefur langhlaupanefnd FRÍ nú þegar samið við Félag maraþonhlaupara um að Haustmaraþon þeirra verði meistaramót í maraþoni. Önnur hlaup höfðu þegar verið ákveðin.

### d) FRÍ Vottuð hlaup

FÓ kynnti verkefnið, þó nokkur hlaup nú þegar verið haldin og úrslit skila sér viðurkennd og vottuð beint í afrekaskrá. Verkefnið gengur því frábærlega, aðildarfélög og aðrir hafa verið að að sækja um og eru þannig með í þessari mikilvægu vegferð. Rætt var um mikilvægi þess að hægt væri fyrir hlaupahaldara að vísa á heimasíðu þar sem með vottuðum hlaupum og útskýrt betur hvað það þýðir. Stjórnarfolk hvatt til að mæta í þessu hlaup ásamt formanni.

## 3. Uppfærð persónuverndarstefna FRÍ

FÓ kynnti breytingar á persónuverndarstefnu FRÍ, umræður og samþykki frá stjórn.

#### **4. FRÍ klúbburinn**

FÓ kynnti hugmyndir um stofnun FRÍ klúbbsins. Markmið klúbbsins er að upplýsa áhugasama aðila um frjálsar íþróttir, hlaup og viðburði sem þeim tengjast betur um það sem er að gerast og bjóða fólki að fá upplýsingar sendar til sín. Freyr tók dæmi um World Athletics sem lét áhugasama um Heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum skrá sig í gagnagrunn sinn og gefa þeim tækifæri til að fá upplýsingar um mót og annað sem væri á döfinni. FRÍ er komið á almannaheillaskrá og komið með aðgang að kerfi sem getur haldið utan um skráningar með góðum hætti. Umræður. Samþykkt samhljóða.

#### **5. Afreksúthlutun**

GK kynnti tillögu að úthlutun til afreksíþróttafólks. Tillaga afreksíþróttanefndar og afreksstjóra samþykkt án athugasemda.

#### **6. Staðfesting á fastanefndum FRÍ**

Samkvæmt áður útsendu bréfi á milli funda. Samþykkt.

#### **7. Áherslur stjórnar og verkaskipting**

Umræðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið 12:50.